

10. fundur Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, haldinn í fjarfundi, 25. nóvember kl 13.00.

Mætt voru Lilja Magnúsdóttir, formaður, Arinbjörn Bernharðsson, Arnlín Óladóttir, Ástrós Þóra Valsdóttir, Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir (kom síðar inn á fundinn), Matthías Lýðsson, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir og Tryggvi B. Bjarnason.

Forföll boðuðu; Þorgeir Pálsson, Bragi Þór Thoroddsen, Aníta Björk Pálínudóttir, Árný Huld Haraldsdóttir, Finnur Ólafsson, Kristján Þór Kristjánsson, Vilberg Þráinsson og Eva Sigurbjörnsdóttir.

Auk þeirra sátu starfsmenn fundinn frá Vestfjarðastofu Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaþróunar sem ritaði einnig fundargerð og Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri. Frá Urbana ehf, Hrafnkell Proppé, skipulagsráðgjafi og Héðinn Unnsteinsson stefnumótunarsérfræðingur. Frá VSÓ ráðgjöf Herdís Sigurgrímsdóttir, sérfræðingur og Hlynur Torfason skipulagssérfræðingur.

Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri Reykhólahrepps sem áheyrnarfulltrúi í forföllum fulltrúa sveitarfélagsins.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir;

Dagskrá:

1. Uppbygging vinnslutillögu
2. Fyrstu drög að kafla um Grunngerð
 - a. Byggðamynstur
 - b. Samgöngur
 - c. Orkuflutningar og fjarskipti

Formaður bauð fundarmenn velkomna til fundar, hún kannaði með boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram og gengið var til dagskrár

1. Uppbygging vinnslutillögu

Formaður gaf Héðni og Hrafnkeli orðið.

Hrafnkell fór yfir fundaaætlun fram til vors. Hann lagði áherslu á að fá endurgjöf í gegnum vinnuvefsjá, virkni fulltrúa og sveitarfélaganna og þann ramma sem settur er við gerð svæðisskipulags í lögum og ásetning með gerð svæðisskipulags.

Héðinn rakti hvernig unnið væri með uppbyggingu áætlunarinnar og innihald, nú þarf að fá fram afstöðu til meginmarkmiða, inntak stefnunar of eða van.

Guðbjörg Stefanía kom inn á fundinn.

Til máls tóku. Lilja, Sigríður Júlía, Guðbjörg Stefanía, Tryggvi

2. Fyrstu drög að kafla um Grunngerð

a. Byggðamynstur - undirmarkmið

Formaður gaf Hlyni orðið, hann rakti sameiginleg markmið og kynnti síðan drög að undirmarkmiðum byggt á stöðulýsingu og drög að stefnu fyrir byggðamynstur. Til máls tóku Arnlín, Guðbjörg, Matthías, Lilja, Ingibjörg, Tryggvi, Aðalsteinn, Herdís, Hrafnkell og Hjörleifur

b. Samgöngur

Formaður gaf Hrafnkeli orðið hann rakti sameiginleg markmið og kynnti síðan drög að undirmarkmiðum byggt á stöðulýsingu og drög að stefnu fyrir samgöngur. Til máls tóku Lilja, Tryggvi, Aðalsteinn, Hjörleifur, Arnlín, Guðbjörg og Sigríður. Ástrós vék af fundi.

c. Orkuflutningar og fjarskipti

Formaður gaf Herdísí orðið hún rakti sameiginleg markmið og kynnti síðan drög að undirmarkmiðum byggt á stöðulýsingu og drög að stefnu fyrir orku og fjarskipti. Ingibjörg vék af fundi. Til máls tóku Lilja, Tryggvi, Matthías og Aðalsteinn

Formaður áréttaði að hvetja fulltrúa svæðisskipulagsnefndar að ræða efni svæðisskipulagsins við aðra fulltrúa í sveitarstjórn og starfsmenn. Eins að fulltrúar tilkynni í tíma um mætingu á fundi nefndarinnar til að upphaf þeirra tefjist ekki.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.15